
Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss

Borgarbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 15. september 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stefáni Stefánssyni um fyrirhugaðan fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss, Borgarbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.12 í 1. viðauka laganna og sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka við lögin.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Minjastofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Stefán Stefánsson.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Borgarbyggð 30. nóvember 2021, Umhverfisstofnun 5. nóvember 2021 og 10. janúar 2022, Minjastofnun Íslands 28. október 2021, Hafrannsóknastofnun 4. nóvember 2021, Fiskistofu 13. desember 2021, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 8. nóvember 2021 og 17. janúar 2022 og Náttúrufræðistofnun Íslands 27. október 2021 og 7. janúar 2022. Athugasemd barst frá Ágústi Þór Jónssyni 22. október 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 10. desember 2021 og 19. janúar 2022.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að gera fiskveg í jarðgöngum sunnan Hvítár við Barnafoss. Gert er ráð fyrir að neðri endi fiskvegarins opnast út í Hvítá um 70 m neðan við göngubré skammt frá Barnafossi. Frá þeim stað mun fiskvegurinn liggja í jarðgöngum í bergi austur með Hvítá og opnast að ofanverðu um 40 m ofan við Barnafoss. Jarðgöngin verða á um 10 m dýpi. Áætlað að göngin verði um 240 m löng, 3,6 m á breidd og 4,1 m á hæð. Fiskvegurinn verður svokallaður raufastigi og til hliðar við hann verður göngubraut til viðhalds og eftirlits. Þrep í fiskvegi verða steinsteypt með járnbentri steypu.

Framkvæmdarsvæðið verður 150 m² afgirt vinnusvæði staðsett við hlið stígs á krossgötu sem liggur að Barnafossi, innan þess svæðis verður svo afmarkað 35 m² borsvæði þar sem pallbor verður staðsettur. Borað verður niður á sama dýpi og verður á gólfi ganganna og síðan verða göngin unnin þaðan til beggja átta að gangamunum. Um er að ræða hefðbundna jarðgangagerð þar sem borað er og sprengt eftir því sem við á. Áætlað er að um 3.500 m³ af jarðefnum falli til vegna framkvæmdanna en það verður flutt í gryfjur í landi Hraunsáss og Stóra Áss. Efnisflutningar frá og að fiskvegi verða um bílaplan náttúruvættisins. Eftir að framkvæmdum við jarðgöng og fiskveg lýkur verður sett þak ofan á niðurgönguna og jarðvegur þar ofan á.



Vatni verður miðlað úr Hvítá í fiskveginn um lænu sem fellur úr Hvítá og rennur eftir syllu á berginu uns hún fellur ofan í gilið ofan við Barnafoss, op fiskvegarins verður á þessari syllu. Til að stýra rennsli að fiskveginum verður steypt 3.5 m löng brik frá efsta þrepi í fiskvegi að vatnsráð á syllu. Bríkin skapar aðfallsrennu að fiskveginum og mesta hæð hennar verður við vatnsborð í meðal sumarrennsli Hvítár. Fyrirstaða við inntaksop verður notuð til þess að stýra vatnshæð í fiskveginum, sem fengin er með því að raða burðarvið í þar tilgert fals. Vatn sem flýtur yfir fyrirstöðuna myndar rennsli um fiskveginn en umframvatn rennur sína leið frá inntaksopi og eftir syllunni í Hvítá. Með því að hækka fyrirstöðuna enn frekar er lokað fyrir vatnsrennsli um fiskveginn. Á rekstrartíma þarf að sinna fiskveginum vor og haust, sem felst m.a. í því að lokan er sett fyrir að hausti en fjarlægð að vori. Útfærð verður neyðarloka í aðfallsrennuna sem á að loka fiskveginum sjálfvirkt fari vatnsborð við rennuna yfir ákveðna hæð s.s. ef til þess kemur að það verði jökulhlaup í Hvítá. Til að knýja áfram lokubúnaðinn verður rafmagn fengið úr neyslurafgeymum sem staðsettir verða í kistu innan jarðgangsops og geymarnir teknir burt til hleðslu og geymslu þegar jarðgangsopi verður lokað að hausti. Við inntak ganganna verða settar ristur til að halda ís og grjóti frá fiskveginum. Neðst í fiskveginum þar sem útrennslið er í Hvítá verður komið fyrir þrepi til að skapa ákveðinn straum sem lax ætti að eiga auðvelt með að finna.

Fiskveginum verður lokað og vatn tekið af á haustin og verður hann lokaður yfir vetrartímann og opnaður svo aftur og vatni hleypt á að vori og verður hann opinn á göngutími laxfiska. Vetrarlokun lágmarkar viðhald og þörf á hreinsun fiskvegarins. Framburður, sem kann að hafa safnast fyrir í fiskvegi, er fjarlægður með handskóflu eða honum „smúlað“ niður fiskveginn þegar vatn er sett á fiskveginn eftir vetrarlokun. Í versta tilfelli þyrfti að nota rafknúna háþrýstidælu og hún tengd lítilli færanlegri og léttri rafstöð. Ekki er gert ráð fyrir vegi að syllunni til að sinna viðhaldi.

Til að staðfesta gæði bergs og legu bergmóta verða gerðar rannsóknir á berggrunninum þar sem tvær kjarnaholur verða boraðar, önnur er fyrirhuguð á ætluðu borstæði þ.e.a.s á göngustíg sem er á svæðinu og hin verði við göngustíg syðst og austast á svæðinu. Rask á yfirborði verður því óverulegt og tímabundið á manngerðu umhverfi. Kjarnaborunin mun taka í mesta lagi fjóra daga. Einnig verður það svæði sem áætlað er að veikleikar séu í berginu kannaðir nánar og bergveggurinn ofan við fyrirhugaða opnun út í farveginn mældur nákvæmlega. Ekki verður ráðist í jarðgangagerð nema rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu, sem verði grundvöllur umsóknar til Umhverfisstofnunar um leyfi til framkvæmda. Jarðgöngin verða hönnuð þannig að þau verða einungis vatnsfyllt að hálfu. Aðferðir til að opna jarðgöng út í virka árfarvegi eru ágætlega þekktar. Göngin verða grafin niður að neðri munna þeirra og þegar um 15 m eru eftir út í Hvítá verða boraðar könnunarholur til að staðsetja innbyrðis legu jarðganga og bergveggisins utan við. Því næst verður áfram grafið þar til 5-7 m haft er á milli ganga og útveggs. Þá verður svæðið innan við haftið dýpkað til að taka við efni úr haftinu sem eftir er. Að því loknu verða gerð lítil göng út í gegn ofan vatnsborðs og síðan restin af haftinu sprengt. Þegar búið er að opna út í farveginn verður leifum af berghaftinu fleygað og mótað til, þannig að rennsli um farveginn sé hæfilegt, líkt og gert er við aðra laxastiga.

Aðstaða á verkstað mun vera á veitingastaðnum Hálsakoti við Hraunfoss en á afgirtu vinnusvæðinu verður um 20 m² verkfæraskúr á hjólum. Olía verður geymd á framkvæmdasvæðinu í 600-1000 lítra tanki og til að fyrirbyggja að olía berist út í umhverfið verður notaður sandur, mottur og s.k. pulsar sem draga í sig olíu á verkstað. Útfærsla á vörnum gegn mengun verður unnin í samráði við leyfisveitanda.

Áætlað er að jarðgangnagerð verði á tímabilinu desember til janúar og í beinu framhaldi verði fiskvegurinn byggður og er áætlað að framkvæmdum og frágangi ljúki í mars. Vinna við göng og efnisflutningar verða að kvöld- og næturlagi. Ekki er gert ráð fyrir að það þurfi að takmarka eða taka fyrir umferð við fossana á framkvæmdartíma. Ef rekstri verður hætt verður hlaðið fyrir op jarðganganna.



4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Stefáns Stefánssonar og umsögnum umsagnaraðila.

Vernd, landslag og ásjúnd

Hraunfossar og Barnafoss eru friðlýst náttúruvætti. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að öll hönnun fiskvegar við Barnafoss hafi verið unnin með það að leiðarljósi að spilla ekki á nokkurn hátt ásjúnd fossanna eða umhverfi þeirra. Staðsetning inntaks- og úttaksops fiskvegarins muni ráða mestu um áhrif framkvæmdarinnar á ásjúnd svæðisins þegar horft sé frá útsýnisþöllum við fossana. Op á inntaki og útaki fiskvegarins verði ekki sýnilegt gestum á svæðinu. Að mati framkvæmdaraðila sé framkvæmdin ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag og ásjúnd náttúruvættisins né þau verðmæti sem friðlýsing svæðisins er ætlað að vernda. Varðandi vernd fossa telji framkvæmdaraðili að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsrennsli Barnafoss og ólíklegt að þeim verðmætum sem tilgreind séu í 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga verði raskað og reyni því ekki á ákvæði 3. mgr. 61. gr. um brýna nauðsyn. Ekki verði rask á bakkagróðri á framkvæmdatíma þar sem aðkomuleið og athafnasvæði séu að öllu leyti á göngustígum og öðrum röskuðum svæðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að friðlýsingin taki ekki einungis til fossanna heldur einnig nánasta umhverfis þeirra. Stofnunin bendir á að samkvæmt reglum sem gildi um náttúruvættið sé óheimilt að raska jarðmyndunum og að óska verði undanþágu frá þessari reglu vegna jarðgangnagerðarinnar. Samkvæmt 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd geti Umhverfisstofnun, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúrunefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar ef það stríði ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar og hafi óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess. Stofnunin bendir einnig á að Hraunfossar og Barnafossar og nánasta umhverfi þeirra njóti einnig sérstakrar verndar skv. b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og samkvæmt þeim beri að forðast röskun þeirra náttúruvættis sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Ennfremur bendir stofnunin á meginreglur náttúruverndarlaganna en í 9. gr. er að finna varúðarreglu laganna sem segir m.a. að ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

Umhverfisstofnun telur að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi friðlýsta svæðisins og að líkur séu á að framkvæmdin geti haft áhrif á ásjúnd svæðisins, jarðveg vegna umferðar vinnutækja, lífríki, upplifun gesta og geti þ.a.l. rýrt verndargildi náttúruvættisins. Mikilvægt sé að engin óvissa ríki en lögum samkvæmt skal náttúran njóta vafans þegar óvissa ríkir um afleiðingar framkvæmda. Til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort leyfi fyrir framkvæmdinni verði veitt þurfa áhrif framkvæmdarinnar að vera mjög skýr. Þörf er á frekari rannsóknum til að sýna fram á það og mikilvægt sé að gert sé ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á ásjúnd svæðisins. Stofnunin telur því að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði ráðist í jarðgangagerð nema undirbúningsrannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu og að framkvæmdir verði ekki leyfðar í náttúruvættinu nema tryggt sé eftir föngum að svæðið fái áfram að þróast samkvæmt eigin lögmálum. Einnig kemur fram að úttak fiskvegarins verði með öllu ósýnilegt þegar horft er til Hraunfossa, vatnsmagn fossanna verði óbreytt og að mögulegt sé að nýta landmótun við inntaksopið til að verjast því að það sjáist. Fram kemur að rask verði fyrst og fremst neðanjarðar, athafnasvæðið verði í góðri fjarlægð frá bakka Hvítar og aðkomuleiðir að öllu leyti á göngustígum og öðrum röskuðum svæðum, mun því ekki vera hætta á að bakkagróður raskist, hvorki á



framkvæmda- né rekstrartíma. Framkvæmdaraðili fær ekki séð að það reyni á ákvæði 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd um brýna nauðsyn þar sem vatnsmiðlun um fiskveginn muni hafa óveruleg áhrif á vatnsrennsli um fossinn. Fiskvegurinn verði einungis opin á þeim tíma sem fiskur gengur um Hvítá, en lokaður að vetrarlagi og að vori og muni því ekki nýta rennsli árinna stóran hluta árs og að þegar það verði nýtt verði það innan við 1% af rennsli árinna miðað við vetrarrennsli. Engin sjáanleg breyting verði á Barnafossi og ekki líkur á að jarðmyndanir raskist og munu því jarðmyndanir og fossinn sjálfur þróast á sömu forsendum í framtíðinni og fram til þessa. Umhverfi og ásýnd séu þættir sem framkvæmdaraðila sé mjög umhugað um og að gert sé ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri til að ásýnd framkvæmdarinnar verði sem best. Við mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á ásýnd hafi verið notast við ljósmyndir af svæðinu frá nokkrum sjónarhornum og tölvugerðum myndum af inntaki og úttaki fiskvegarins sem sé viðurkennd aðferð við mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili fær ekki séð hverju verði bætt við í frekari umfjöllun í umhverfismati. Mikilvægt sé að verkið verði unnið í nánu samráði við hlutaðeigandi yfirvöld, s.s. Umhverfisstofnun og undir virku eftirliti þeirra.

Náttúrufræðistofnunar Íslands getur ekki tekið undir með framkvæmdaraðila sem telji að fiskvegurinn komi ekki til með að sjást innan friðlandsins, þ.e. op jarðganga út í Hvítá, steipt brík út á sylluna til að stýra vatnsrennsli og aðgengisop starfsmanna að göngunum.

Jarðfræði svæðisins, berglög og jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnur svæðisins, að undanskildu Hallmundarhrauni, sé jafnan kenndur við Húsafellseldstöðina. Jarðlög við Barnafoss séu með eldri jarðlögum frá eldstöðinni sem hafi verið virk á tímabili fyrir um 2,5 milljónum ára. Gangnagerð muni ekki raska jarðmyndunum sem njóti verndar. Jarðgöngin verði unnin í gegnum op sem staðsett verði á þegar röskuðu svæði og verði frekara rask á yfirborði jarðmyndana af völdum framkvæmdarinnar lítið.

Greinagerð framkvæmdaraðila fylgir minnisblað frá verkfræðistofnunni Eflu um aðstæður til jarðgangagerðar fyrir fiskveg við Barnafoss (dags. 18. febrúar 2019). Í minnisblaðinu segir að flikruberð vestan við svæði þar sem neðri munnur fiskvegar er ráðgerður sé líklega lélegt berg til jarðgangagerðar. Því sé líklegt að jarðgöng verði boruð í þykkri syrpu af þunnum þóleiít hraunlögum en þóleiít hraunlög geti verið mishagstæð til jarðgangagerðar. Misgengi og sprungur á svæðinu geti hugsanlega rýrt stæðni bergs töluvert. Að mati Eflu séu aðstæður til jarðgangagerðar á svæðinu þokkalegar og að frá jarðtækni- og bergtæknilegu sjónarmiði sé ekkert talið því til fyrirstöðu að gera göngin. Helsta áskorunin sé hins vegar opnun út í farveginn að neðanverðu.

Náttúrufræðistofnun telur að rannsóknir skorti á jarðfræði svæðisins, nauðsynlegt sé að rannsaka berggrunn svæðisins betur áður en farið sé af stað í jarðgangagerð. Mikið sé um sprungur og misgengi innan svæðisins sem þurfi að skoða ásamt lekt berglaga. Fyrirhuguð jarðgangagerð verði óafturkræf og feli í sér mikið rask á berggrunni svæðisins. Stofnunin telur að alvarlegir óvissuþættir séu varðandi sprengingu ganganna út í Hvítá auk þess sem ekki sé að fullu ljóst hvernig berggrunnurinn muni reynast til jarðgangagerðar og þurfi því að gera mun betur grein fyrir gerð berggrunnins og framkvæmd jarðgangnagerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt sé að gerðar séu frekari rannsóknir á berglögum til að kanna raunverulega stöðu berglaga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerðar verði rannsóknir á berggrunninum þar sem tvær kjarnaholur verði boraðar til að staðfesta gæði bergs og legu bergmóta auk þess sem það svæði sem áætlað sé að veikleikar séu í berginu verði kannað nánar og bergveggurinn ofan við fyrirhugaða opnun út í farveginn verði mældur nákvæmlega. Ekki verði ráðist í jarðgangagerð nema rannsóknir gefi jákvæða niðurstöðu.



Vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að reiknað meðalrennsli í Hvítá við Ásgil, sem er skammt neðan við Hraunfossa, sé um 55 m³/s, lágmarksrennsli um 35 m³/s og hámarksrennsli um 350 m³/s. Að vetri hafi rennsli Hvítár ofan Barnafoss mælst um 50 m³/s. Hagkvæmast sé að rennsli um fiskveg sé um 0,3 m³/s. Það samsvari því vatni sem fari um sylluna ofan við Barnafoss, þar sem inntak jarðganga verði. Ætlunin sé að nýta það vatn í fiskveginn og muni það því ekki sameinast Hvítá á ný ofan við Barnafoss eins og nú sé. Hæðarborð verði nýtt til að miðla réttu vatnsmagni um fiskveginn og umframvatni stýrt frá honum sem falla muni fram af syllunni í Hvítá eins og nú sé. Einnig verði hægt að loka fyrir vatnsrennslið vegna viðhalds og eftirlits. Með tilkomu fiskvegarins muni rennsli í Barnafossi skerðast um 0,3 m³/s, sem sé innan við 1% af lágmarksrennsli Hvítár á þessu svæði. Framkvæmdaraðili telur áhrif fiskvegarins á vatnafar Hvítár og rennsli um Barnafoss óveruleg.

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands benda á að það vanti umfjöllun um áhrif flóða í Hvítá á framkvæmdina, m.a. hvort gert sé ráð fyrir að hægt verði að skola út leirefni jökulhlaupa ef þau setjast í göngin. Með aukinni bráðnun Langjökuls sé líklegt að fjöldi flóða í Hvítá aukist auk þess sem magn leirs í ánni gæti aukist. Undanfarin 25 ár hefur Langjökull hropað stöðugt og hefur lón myndast suðaustan við Hafrafell. Í ágúst 2020 fylltist lónið sem olli jökulhlaupi í Hvítá. skv. skýrslu sem Veðurstofa Íslands gerði í kjölfar flóðsins¹ segir að líklegt sé að lónið muni stækka við frekara hop jökulsins á komandi árum.

Eins og fram hefur komið áformar framkvæmdaraðili að útfæra sjálfvirkar neyðarlokur sem eigi að koma í veg fyrir að jökulhlaup eða flóð komi til með að hafa áhrif á fiskveginn.

Lífríki

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að sá hluti Norðlingafljóts sem vilji sé til að gera að sjálfbæru laxveiðisvæði sé um 21 km langur, frá ármótum Hvítár ofan Barnafoss, upp að Bjarnafossi sem sé ekki laxgengur. Ofan Bjarnafoss sé urriða- og bleikjuveiði en göngur laxins muni ekki hafa áhrif á það.

Lífríki ofan Barnafoss

Í umsögn Fiskistofu segir að framkvæmdin komi líklega til með að hafa neikvæð áhrif, vegna samkeppni, á skilyrði fyrir staðbundna stofna bleikju og urriða sem fyrir eru á milli Barnafoss og Bjarnafoss.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að ljóst sé að ef af framkvæmdum verður muni það hafa áhrif á núverandi lífríki. Ekki sé vitað hversu mikil þau áhrif verða og nauðsynlegt sé að kanna það betur og leggja mat á mögulega áhættu fyrir t.d. staðbundna urriða- og bleikjustofna en einnig meta hver möguleg áhrif geta verið á annað lífríki í ánum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að ætla megi að tilkoma nýrrar fisktegundar í vistkerfi hafi áhrif á það lífríki sem fyrir er. Stofnunin bendir á að laxi og laxaseiðum hafi verið sleppt í Norðlingafljót um allnokkurt skeið. Því megi gera ráð fyrir að áhrif laxa á vistkerfi Norðlingafljóts neðan Bjarnafoss hafi að hluta komið fram nú þegar. Gera megi ráð fyrir að áhrif á lífríki Norðlingafljóts verði að mestu eða öllu leyti afturkræf, verði fiskvegi lokað.

Lífríki neðan Barnafoss

Hafrannsóknarstofnun telur að helsta hættu fyrir lífríki Hvítár séu áhrif vegna gruggs frá framkvæmdarstað og mengunar frá tækjum og vélum sem notaðar verði við framkvæmdirnar. Ef

¹ https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2021/VI_2021_001.pdf



gætt sé að þrifum og ástandi tækja og véla sem notaðar verði á framkvæmdarstað sé hættu á mengun haldið í lágmarki. Stofnunin telur að áhrif framkvæmdanna á lífríki Hvítár neðan Barnafoss ættu að vera hverfandi og tímabundin meðan á framkvæmdum stendur og ekki séu gerðar athugasemdir við þann þátt.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að gera þurfi grein fyrir mótvægiaðgerðum til að koma í veg fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki árinna s.s. vegna jarðvegs og uppleystra efna sem kunni að berast í vatnið á vinnslutíma auk þess sem það virðist vera nokkur áhætta varðandi opnun ganganna og þau áhrif sem sú sprenging kunni að hafa í ánni.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að í 62. gr. náttúruverndarlaga er kveðið á um vernd bakkagróðurs og að leitast skuli við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að metin séu áhrif á bakkagróður, bæði á framkvæmda- og rekstartíma.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að bakkagróður ætti ekki að raskast á framkvæmda- eða rekstartíma. Vinnusvæði vegna jarðgangagerðar verði fjarri bakka Hvítár. Rekstur fiskvegarins sé einfaldur og feli í sér að einn eða tveir menn, fótgangandi, sinni honum vor og haust.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin og efnistaka vegna hennar er háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Borgarbyggðar samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglum um náttúruvættið Hraunfossar og Barnafoss og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar að auki er framkvæmdin háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax og silungaveiði og lögreglustjóra viðkomandi umdæmis vegna geymslu á sprengiefni.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða fiskveg í jarðgöngum við Barnafoss. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.12 í 1. viðauka og sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð, hönnun og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða um 240 m löng göng sem koma til með að liggja á 10 m dýpi og verða 3,6 m á breidd og 4,1 m á hæð. Göngin verða boruð og sprengd eftir því sem við á en fyrir liggur að sprengja þarf haft út í árfarveginn til að opna göngin í báða enda. Fiskvegir í jarðgöngum þekkjast erlendis en hér á landi hefur ekki verið ráðist í sambærilega framkvæmd.



Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er jarðfræði fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis flókin og bergrunnurinn margbreytilegur. Finna má innskot og ummynduð berglög á svæðinu ásamt því að mikið er um sprungur og misgengi innan þess.

Líkt og fyrr segir eru Hraunfossar og Barnafoss, ásamt nánasta umhverfi, friðlýst náttúruvætti. Þá njóta fossar sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd. Óheimilt er að raska jarðmyndunum á hinu friðlýsta svæði skv. ákvæðum friðlýsingarinnar. Þrátt fyrir að rask verði að stærstum hluta neðanjarðar fela framkvæmdirnar engu að síður í sér rask á jarðmyndunum.

Að framansögðu verður, að mati Skipulagsstofnunar, að líta svo á að hér sé um að ræða flókna og umfangsmikla framkvæmd á viðkvæmu svæði sem hefur hátt verndargildi.

Skipulagsstofnun telur að óvissa sé fyrir hendi um hversu sýnilegt inntaksop jarðganga kann að verða sem og steipt aðfallsrenna. En stofnunin telur líkur á að inntaksopið og aðfallsrennan verði sýnileg frá stígum og útsýnispalli og mannvirkin kunnir að breyta upplifun gesta á annars náttúrulegu umhverfi náttúruvættisins. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir því að hylja op með grjóti og gróðri sem kann að draga úr sýnileika en þar ber að hafa í huga að slíkt er líka manngert inngríp. Úttaksop verður ekki sýnilegt frá þeim stöðum sem aðgengilegir eru gestum í dag.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að hagkvæmast sé að um 0,3 m³/sek renni um fiskveg sem samsvari því vatni sem fari um sylluna ofan Barnafoss. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um rennsli vatns um sylluna, s.s. lágrennsli. Það má þó vera ljóst að magn vatns sem rennur um sylluna er háð sveiflum í rennsli Hvítár. Það er mögulegt að veiting vatns um jarðgöng leiði til þess að tilvikum fjölgi þegar lítið eða nánast ekkert vatn fellur af syllunni ofan í meginfarveg Hvítár. Veiting vatns um göng kann því að leiða til breytinga á ásynd Barnafoss þrátt fyrir að magn vatns sem fyrirhugað er að veita um göngin er eingöngu lítill hluti af rennsli Hvítár.

Stýring ferðamanna á áfangastöðum er viðvarandi verkefni. Samhliða fjölgun ferðamanna hefur álag á áfangastaði aukist og víða hefur þurft að byggja upp innviði og bæta stýringu ferðafólks um svæði. Umhverfisstofnun fylgist með ástandi áfangastaða innan friðlýstra svæða og hefur árlega, síðan 2017, gefið út skýrslu um ástand slíkra áfangastaða. Í skýrslunum er lagt mat á þróun á milli ára og lagðar fram tillögur til úrbóta. Í ástandsmati ferðamannastaða innan friðlýstra svæða frá 2020² kemur fram að endurhanna þurfi áfangastaðinn að Hraunfossunum og Barnafossi með tilliti til aukins fjölda gesta og endurskoða deiliskipulag svæðisins samhliða því. Samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar stendur nú yfir vinna við að endurhanna svæðið og legu stíga. Þar af leiðandi er ekki hægt að útiloka að breytingar verði á dreifingu ferðamanna um svæðið sem kann að hafa þau áhrif að fyrirhuguð framkvæmd verði enn sýnilegri.

Í ljósi umfangs framkvæmdar, viðkvæmni svæðisins og takmarkaðra upplýsinga um berglög á svæðinu telur Skipulagsstofnun að framkvæmdaraðili áætli afar knappan tíma til framkvæmda. Að mati stofnunarinnar má því lítið út af bregða til að sú áætlun gangi eftir. Þar af leiðandi kunna áhrif á ferðafólk á framkvæmdatíma að vera vanáætluð.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, t.d. með tilliti til fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum, hverjar líkur eru á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Mikill fjöldi ferðamanna heimsækir Hraunfossa og Barnafossa ár hvert auk þess sem um er að ræða friðlýst náttúruvætti. Möguleg áhrif framkvæmda varða því mikinn fjölda fólks. Um er að ræða óafturkræfa framkvæmd.

² Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða – Skýrsla 2020. Umhverfisstofnun.



Að mati Skipulagsstofnunar er mikil óvissa um áhrif framkvæmdarinnar en í ljósi stærðar, hönnunar og umfangs framkvæmdarinnar og verndargildis svæðisins eru þau líkleg til að verða umtalsverð.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd er líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. apríl 2022.

Reykjavík, 25. febrúar 2022

Egill Þórarinsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir